

Siðareglur kjörinna fulltrúa í Eyja- og Miklaholtshrepp

1. gr.

Markmið

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem kjörnum fulltúum ber að sýna við störf sýn á vegum Eyja- og Miklaholtshrepps. Með kjörnum fulltrúum er átt við hreppsnefndarmenn og aðra þá sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjá Eyja- og Miklaholtshrepp.

2. gr.

Starfsskyldur

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Eyja- og Miklaholtshrepps, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnsýslu og að við ákvarðanatöku ráði málefnaleg og lögmæt sjónarmið.

3. gr.

Ábyrgð

Kjörnum fulltrúum ber að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að axla ábyrgð á ákvörðunum sínum og rökstyðja þær. Kjörnir fulltrúar upplýsa eins og kostur er íbúa Eyja – og Miklaholtshrepps um störf sín og annað sem máli skiptir í rekstri sveitarfélagsins.

4. gr.

Valdmörk og háttvísi

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Eyja- og Miklaholtshrepps. Kjörnir fulltrúar sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps virðingu. Þeir koma fram af háttvísi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.

5. gr.

Ábyrgð í fjármálum

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé.

6. gr.

Trúnaður

Kjörnir fulltrúar gæta þagmælsku og trúnaðar um málefni sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Eyja- og Miklaholtshrepps.

7. gr.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna, eða annara sem þeim eru tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp lýkur. Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

8. gr.

Gjafir og fríðindi

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir frá íbúum og viðskiptavinum Eyja- og Miklaholtshrepps, eða þeim sem leita eftir verkefnum eða þjónustu sveitarfélagsins nema um sé að ræða óverulegar gjafir, þannig að túlka megi sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum hreppsnefndar eða nefnda/ ráða.

9. gr.

Endurskoðun siðareglna

Siðareglur þessar skulu teknar til umræðu í hreppsnefnd í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðaðar ef þörf þykir.

10. gr.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsmanna og íbúa

Kjörnum fulltrúum ber að tileinka sér siðareglurnar og lýsa því yfir að þeir muni hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki og íbúum sveitarfélagsins á heimasíðu hreppsins og á annan þann hátt sem hreppsnefnd ákveður.

Samþykkt á fundi hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps 13. október 2014